

Fundargerð

21. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 19. febrúar 2010 kl. 13:30 að Borgartúni 12 - 14, í fundarsal á 7. hæð, austurenda.

Mættir:

Reykjavíkurborg:

Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Ómar Stefánsson, Jón Júlíusson

Garðabær:

Stefán Konráðsson

Mosfellsbær:

Haraldur Sverrisson, Jónas Sigurðsson og Finnur Birgisson

Seltjarnarnesbær.

Stefán Bergmann

Sveitarfélagið Álftanes:

Kristinn Guðlaugsson, Kristinn Guðmundsson

Kjósarhreppur:

Sigurbjörn Hjaltason

Frá Skipulagsstofnun:

Hafdís Hafliðadóttir

Ennfremur sátu fundinn Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH, Haraldur Sigurðsson frá skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar, Birgir H. Sigurðsson frá Kópavogsbæ og Arinbjörn Vilhjálmsson frá Garðabæ.

Forföll boðuðu: Eyþór Þórhallsson frá Garðabæ, Ólafur Egilsson frá Seltjarnarnesi og Gísli Valdimarsson og Rósa Guðbjartsdóttir frá Hafnarfjarðarbæ.

Formaður nefndarinnar, Júlíus Vífill Ingvarsson setti fund og síðan var gengið til dagskrár:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu

2. Mosfellsbær – Tungumelar. Tillaga að óverulegri breytingu á svæðisskipulagi 2001 - 2024.

Fyrir fundinum lá erindi Mosfellsbæjar dags. 24. nóvember 2009 þar sem Mosfellsbær óskaði eftir afstöðu sveitarfélaganna sem aðild eiga að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til tillögu að óverulegri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Tillagan nær til breytingar á athafnasvæði á Tungumelum í Mosfellsbæ. Með erindi fylgdi uppdráttur með greinargerð.

Tillagan var jafnframt send samvinnunefndinni.

Ennfremur lágu fyrir umsagnir og afgreiðslur frá Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Seltjarnarnesbæ vegna tillögunnar.

Fulltrúar Álftaness og Garðabæjar upplýstu að fjallað hefði verið um málið á þeirra vettvangi og engar athugasemdir gerðar.

Fulltrúar Mosfellsbæjar, Haraldur Sverrisson og Finnur Birgisson fóru yfir tillöguna og skýrðu meginþætti hennar.

Niðurstaða:

Samvinnunefndin afgreiddi erindið með vísun til 2. málsgreinar 14. Greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

3. Erindi frá Reykjavíkurborg vegna breytinga á svæðisskipulagi – Álfsnes.

Fyrir lágu 2 erindi frá Reykjavíkurborg:

- a) Álfsnes – Sorpa bs. – matslýsing vegna verulegrar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 -2024.
(áður til umfjöllunar á 19. og 20. fundi samvinnunefndar).
- b) Álfsnes – iðnaðarhöfn – matslýsing vegna verulegrar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 -2024.
(áður til umfjöllunar á 19. og 20. fundi samvinnunefndar).

Vegna umfjöllunar um bæði þessi mál lögðu fulltrúar Mosfellsbæjar fram svohljóðandi bókun:

„Bókun fulltrúa Mosfellsbæjar við dagskrárliði 3-a og 3-b, matslýsingar vegna áformaðra breytinga á svæðisskipulagi vegna athafnasvæðis Sorpu og iðnaðarhafnar á Álfsnesi.

Undirritaðir óska að eftirfarandi verði fært til bókar:

Það hefur ítrekað komið fram, m.a. í tengslum við afgreiðslu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, að Mosfellsbær lítur svo á að starfsemi Sorpu í Álfsnesi eigi að vera víkjandi og að Álfsnes eigi ekki að vera urðunarstaður höfuðborgarsvæðisins um ókomna framtíð.

Talsvert hefur borið á kvörtunum íbúa í Mosfellsbæ vegna lyktarmengunar frá urðunarstaðnum og hefur slíkum kvörtunum farið fjölgandi í seinni tíð. Í bókun Bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 9. júlí 2009 í tengslum við afgreiðslu svæðisáætlunar voru settar fram athugasemdir og tillögur í 4 liðum um aðgerðir til að sporna við aukinni lyktarmengun og öðrum neikvæðum

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu

umhverfisáhrifum urðunarstaðarins gagnvart þéttbýlinu í Mosfellsbæ. Jafnframt var í bókuninni lögð áhersla á að leitað yrði að nýju framtíðarsvæði fyrir urðun úrgangs.

Fulltrúar Mosfellsbæjar gera eftirfarandi athugasemdir við framlagðar matslýsingar vegna áformaðra breytinga á svæðisskipulaginu í Álfsnesi:

- *Samkvæmt matslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar vegna athafnasvæðis Sorpu í Álfsnesi á einungis að fjalla um „möguleg áhrif á byggðarþróun,“ en „ekki (verði) fjallað um aðra umhverfispætti.“
Við teljum að í umhverfismati með tillögu að breytingu á svæðisskipulagi sé óhjákvæmilegt að fjalla einnig um þætti eins og ásýnd, loftgæði og hljóðvist, þannig að gerð sé grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem mestu máli skipta þegar á svæðisskipulagsstigi í stað þess að vísa umfjöllun um þessa þætti alfarið yfir á aðalskipulagsstig, eins og ætlunin virðist vera.*
- *Samkvæmt matslýsingu vegna athafnasvæðis Sorpu er ekki ætlunin að fjalla um valkosti í tengslum við þá svæðisskipulagsbreytingu. Við leggjum hinsvegar áherslu á að það verði gert.*
- *Ekki er gerð grein fyrir því í matslýsingu vegna athafnasvæðis Sorpu hverjir verði formlegir umsagnaraðilar. Við teljum að þetta þurfi að koma fram í matslýsingunni og lítum svo á að Mosfellsbær hljóti að verða einn af umsagnaraðilum.*
- *Áform um höfn og iðnaðarsvæði á Álfsnesi hljóta að tengjast mjög náið áætlunum um Sundabraut. Við teljum óhjákvæmilegt að fjallað verði ítarlega um þetta samhengi í væntanlegri umhverfisskýrslu og að þess verði getið í matslýsingunni.*

Tekið skal fram að við munum koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsferlisins eftir því sem tilefni verður til, og að Mosfellsbær er óbundinn um afstöðu til væntanlegra tillagna þegar þær verða settar fram.“

Niðurstaða:

Samvinnunefndin samþykkti ofangreind erindi með vísun til 6. greinar laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, enda verði tekið tillit til þeirra atriða sem fram koma í bókun fulltrúa Mosfellsbæjar hér að ofan og þau felld inn í matslýsingu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:10